

Frá: Ásthildur Knútsdóttir <asthildur.knutsdottir@hrn.is>

Sent: föstudagur, 17. apríl 2020 16:33

Til: Berglind Magnúsdóttir <Berglind.Magnusdottir@reykjavik.is>; Óskar Reykdalsson <oskar.reykdalsson@heilsugaeslan.is>; Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir <Ragnheidur.Osk.Erlendsdottir@heilsugaeslan.is>; Páll Matthíasson

<pallmatt@landspitali.is>; gudrakel@landspitali.is; Anna Sigrún Baldursdóttir -annasb <annasb@landspitali.is>

Afrit: María Heimisdóttir <maria.heimisdottir@sjukra.is>; sjukra@sjukra.is; Bryndís Þorvaldsdóttir <bryndis.thorvaldsdottir@hrn.is>; Dagný Brynjólfssdóttir

<dagny.brynjolfsdottir@hrn.is>

Efni: Heilbrigðisþjónusta heim/sérhæfð heilbrigðisþjónusta – tillögur til úrbóta á vanda bráðamóttöku Landspítalans

Tölvupóstur sendur Heimaþjónustu Reykjavíkur, Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins og Landspítala með afriti á Sjúkratryggingar Íslands. Átakshópur um lausnir á vanda bráðamóttöku Landspítalans skilaði heilbrigðisráðherra skýrslu í febrúar sl. Þar sem tilgreindar voru ellefu tillögur til úrbóta og hefur ráðherra ákveðið að tillögunum skuli hrint í framkvæmd. Ekki er gert ráð fyrir viðbótarfjármagni til stofnananna vegna þessa heldur skal þjónustunni forgangsraðað í þágu tillaganna og notuð sú þekking og mannaflí sem stofnanirnar hafa yfir að ráða nú þegar.

Tillögur númer fimm og átta snúa að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu heim:

5. Heilbrigðisþjónusta heim - sérhæfð heimaþjónusta við veika aldraða verði tekin upp þegar í stað. Þjónustan komi til framkvæmda 1. júní 2020.

8. Heilbrigðisþjónusta heim – kannað verði hvort þörf sé á auknum læknisfræðilegum stuðningi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við heimahjúkrun í Reykjavík. Verði gert sem fyrst.

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu hefur innleiðing þessara tillagna tafist en mikilvægt er þó að koma þeim til framkvæmda eins fljótt og auðið er.

Óskar ráðuneytið eftir því að Heimaþjónusta Reykjavíkur (HPR) leiði verkefnið í samstarfi við Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins (HH) og Landspítala (LSH) og að sameiginlegri útfærslu á tillögunum sé skilað til ráðuneytisins eigi síðar en 12. maí nk.

Við þá vinnu verði eftirfarandi atriði skoðuð eða höfð í huga eftir atvikum:

- Athuga hvort skynsamlegt sé að byrja með eitt teymi sem fengi aðstöðu hjá HPR eða HH.
- Mögulega gæti þetta verið þróunarverkefni þar sem reynsla svipaðra verkefna er nýtt.
- Leggja áhersla á svæði þar sem þörfin er mest.
- Hugsanlega þyrfti teymið að vera hreyfanlegt og þjóna fleiri en einu hverfi. Nýta hugsanlega nýjar tæknilausnir við veitingu þessarar þjónustu.

Með góðri kveðju, Ásthildur Knútsdóttir

Ásthildur Knútsdóttir, skrifstofustjóri / Director General Heilbrigðisráðuneyti / Ministry of Health

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8700

[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is) - Fyrirvari/Disclaimer